

Miðvikudaginn 29. október 1952.

Nr. 61/1951. **Jens Kaj Ólafsson** (Einar B. Guðmundsson)
 gegn
Akureyrarkaupstað (Ragnar Jónsson).

Lögtak. Ómerking lögtaksgerðar og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Benedikt S. Bjarklind, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur framkvæmt lögtaksgerð þá, sem áfrýjað er. Í bókun um lögtaksgerð þessa er þess einungis getið, að kona áfrýjanda hafi verið stödd á dómþinginu og bent á „til lögtaks eignarhluta gerðarþola í fasteigninni nr. 16 við Sörlaskjól, 1. hæð, og var fallið frá virðingu.“ Fógeti lýsti því síðan, að hann gerði lögtak í nefndri fasteign.

Hér fyrir dómi hefur því verið lýst, að kona áfrýjanda hafi á framangreindu dómþingi andmælt skyldu manns síns til að greiða útsvör þau til Akureyrarkaupstaðar, sem krafizt var lögtaks fyrir, en hvergi er þess getið í bókun um þinghaldið. Fógeti hefur gefið þá yfirlýsingu, sem lögð hefur verið fram í Hæstarétti, að hann hafi á dómþinginu skýrt réttaráhrif lögtaksins fyrir konu áfrýjanda svo og rétt gerðarþola til að krefjast úrskurðar fógetaréttar um réttmæti útsvarsálagningarinnar. Eftir ýtarlegar umræður hafi síðan orðið að samkomulagi, að lögtakið skyldi framkvæmt þegar í stað, en gerðarþoli áfrýja því síðar til Hæstaréttar, ef hann við nánari athugun teldi sig ekki geta sætt sig við álagningu útsvaranna.

Telja verður, að fógeti hefði, að undangenginni leiðbeiningu, átt að krefja konu áfrýjanda skýrra svara um það, hvort hún hefði uppi mótmæli í málinu og eftir atvikum veita henni frest til að tjá sig um þau atriði. Ef slík mótmæli komu fram, átti fógeti síðan eftir nauðsynlegan málflutning að kveða upp úrskurð um ágreiningsefnið, sbr. 8. gr. laga nr. 29/1885. Þar sem fógeti hefur þannig ekki gætt réttra reglna um framkvæmd lögtaksins, þykir verða að ómerkja hina áfrýjuðu lögtaksgerð og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Eftir þessum úrslitum verður stefnda dæmt að greiða áfrýj-

anda, sem krafizt hefur málskostnaðar, kr. 900.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð á að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Stefndi, Akureyrarkaupstaður, greiði áfrýjanda, Jens Kaj Ólafssyni, kr. 900.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Lögtaksgerð fógætaréttar Reykjavíkur 17. apríl 1951.

Fyrir var tekið: Að gera *lögtak* hjá Jens Kaj Ólafssyni eftir kröfu Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns f. h. bæjarsjóðs Akureyrar fyrir útsvörum 1949 og 1950, að upphæð kr. 9210.00 auk dráttarvaxta.

Af hálfu gerðarbeiðanda er mættur hrl. Ragnar Jónsson og krefst þess, að lögtak verði gert fyrir framangreindum útsvarskröfum auk dráttarvaxta frá gjalddaga til greiðsludags svo og lögtakskostnaðar og kostnaðar við uppboð, ef til kemur.

Af hálfu gerðarþola er mætt Halldóra Ólafsson kona hans og bendir á til lögtaks eignarhluta gerðarþola í fasteigninni nr. 16 við Sörlaskjól, 1. hæð, og var fallið frá virðingu.

Fógeti lýsti því þá yfir, að hann gerði lögtak í nefndri fasteign ásamt öllu henni tilheyrandi.

Brýndi fógeti fyrir mætri að tilkynna gerðarþola lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn þann hátt, er í bága fer við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.
